

Fimmtudaginn 16. nóvember 1995.

Nr. 409/1993.

P. Guðjónsson hf.

(Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.)

gegn

Póst- og símamálastofnun

(Andri Árnason hrl.)

og gagnsök

Verksamningar. Skuldajöfnuður. Fyrning. Févíti. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 11. október 1993. Hann krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms, hvað varðar aðalsök í héraði, og að gagnáfrýjandi verði þannig dæmdur til að greiða sér 1.008.832 krónur með nánar tilgreindum dráttarvöxtum frá 17. ágúst 1988 til 17. október 1991, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Aðaláfrýjandi krefst sýknu af kröfum gagnáfrýjanda í gagnsök í héraði. Þá krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 15. október 1993. Hann unir héraðsdómi varðandi aðalsök í héraði, en krefst skuldajafnaðar með gagnkröfu sinni, 1.312.941 krónu ásamt tilteknum dráttarvöxtum frá 1. maí 1988 til greiðsludags. Jafnframt krefst hann sjálfstæðs dóms á hendur aðaláfrýjanda fyrir eftirstöðvum gagnkröfunnar, 311.663 krónum, með fyrrgreindum vöxtum. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

I.

Með verksamningi 15. ágúst 1986 tók félagið Sveinn og Þórhallur sf. að sér sem verktaki að reisa fyrir gagnáfrýjanda póst- og símahús í Keflavík. Samkvæmt samningnum átti verktakinn að leggja til alla vinnu, allt efni og öll tæki til að gera húsið fokhelt, setja í gler, einangra þak og ganga frá húsinu fullmáluðu að utan auk þess að ann-

ast tilgreinda verkþætti við raflagnir, pípulagnir, loftræstingu og snjóbræðslulagnir. Bar að ljúka verkinu ekki síðar en 31. ágúst 1987. Fyrir verkið átti gagnáfrýjandi að greiða 18.117.141 krónu, og skyldi fjárhæðin bundin byggingarvísitölu. Þá var ákveðið, að verktaka bæri að greiða verkkaupa í févítí 5.000 krónur fyrir hvern dag, sem tafir yrðu á lokum verksins frá umsömdum skiladegi þess. Var fjárhæð dagsekta bundin vísitölu með sama hætti og verklaunin.

Af hálfu gagnáfrýjanda annaðist Verkfræðistofa Suðurnesja hf. eftirlit með verkinu, og færðu starfsmenn hennar fundargerðir um verkfundi, sem voru haldnir reglulega frá 18. september 1986. Af fundargerðum má ráða að framan af hafi verkinu miðað eftir áætlunum verktaka, allt þar til á verkfundi 16. júlí 1987, þegar það var orðið viku á eftir áætlun. Verktaki taldi, að verkinu yrði þó lokið í tæka tíð. Á verkfundum í lok júlí og fyrri hluta ágúst 1987 var verkið talið vera tveimur vikum á eftir áætlun. Á fundi 20. ágúst varð samkomulag um, að verktaki ætti rétt á tveggja vikna framlengingu verktíma vegna verkfalls trésmiða og breytinga á verkinu. Var verkið þá talið vera tveimur til þremur vikum á eftir áætlun, og gegndi sama máli á fundi 27. ágúst 1987.

Samkvæmt fundargerð frá 9. september 1987 taldi verktaki, að þá tæki fjórar til fimm vikur að ljúka verkinu, þannig að stefndi í allt að fjögurra vikna drátt á skilatíma þess. Áskildi verkkaupi sér við þetta tækifæri allan rétt til að krefja verktaka um greiðslu dagsekta eða aukins kostnaðar af eftirliti með verkinu vegna lengingar á verktíma. Á verkfundi 8. október 1987 var upplýst, að verkkaupi hefði ákveðið að taka húsið í notkun sem fyrst með bráðabirgðainnréttingum til afgreiðslu á bögglaþósti. Í ljósi áætlana verktaka hafi verkkaupi ætlað að hefja frágang innan húss 15. október, en sýnt væri, að enn frekari dráttur yrði á verklokum. Segir í fundargerð, að verkkaupi hafi lagt áherslu á, að verktaki lyki sem fyrst fínþússningu innan húss og framkvæmdum við að gera húsið vatnshelt, en ákveðið hafi verið að fresta málun utan húss til næsta vors. Ítrekaði verkkaupi áskilnað um rétt sinn til að krefja verktaka um dagsektir.

Í fundargerð frá verkfundi 29. október 1987 er þess getið, að áætlun, sem hafi verið gerð um framvindu verksins á fundi 8. sama mánaðar, hafi staðist í megindráttum, og geti því verkkaupi hafið frágang innan húss innan skamms. Samkvæmt fundargerð frá 5. nóv-

ember hófst vinna við málningu innan húss á vegum verkkaupa 2. sama mánaðar, og var áætlað, að rafvirkjar á hans vegum tækju þar til starfa innan nokkurra daga. Á verkfundi 26. nóvember virðist framkvæmdum verktaka innan húss að mestu vera lokið og er þá fært í fundargerð, að opna eigi bögglaafgreiðslu í húsinu daginn eftir. Kemur fram, að eftirlitsmaður leggi áherslu á, að verktaki komi með allan mannskap sinn á vettvang og ljúki verkinu að fullu svo fljótt sem auðið er.

Á verkfundi 3. desember 1987 var bókað, að verktaki hefði afhent bréflega beiðni um, að ákveðnir verkþættir utan húss fengju að bíða fram yfir áramót, en þá myndi hann fjölga starfsmönnum við verkið og ljúka því að fullu í lok janúar. Þessu erindi svaraði verkkaupi á verkfundi 18. desember á þann veg, að hann gæti ekki fallist á meiri framlengingu verktíma. Ítrekaði hann kröfu um, að verkinu yrði lokið sem fyrst, og áskilnað um dagsektir eða greiðslu vegna aukins eftirlitskostnaðar auk þess að áskilja sér rétt til skaðabóta vegna skekkju á gluggum, sem rekja mætti til galla á verkinu.

Í fundargerð frá verkfundi 15. janúar 1988 er þess getið, að verktaki hafi ekki staðið við ráðagerð sína um framvindu verksins frá 3. desember, og hafi verkkaupi lýst mikilli óánægju með það. Verktaki taldi sig geta lokið verkinu í síðasta lagi 15. febrúar, og taldi eftirlitsmaður það geta staðist. Er fært í fundargerð, að verkkaupi hafi þá tilkynnt verktaka, að yrði verkinu lokið á þessum tíma, yrðu dagsektir látnar falla niður, enda næðist viðunandi samkomulag um kröfur verktakans og önnur ágreiningsmál. Er tekið fram, að múrhúðun, hraunun og málun utan húss verði látið bíða til vors.

Forúttekt á verkinu fór fram 9. febrúar 1988, en á verkfundi 11. sama mánaðar áætlaði verktaki, að enn væri eftir um tíu daga vinna til að ljúka verkinu. Í framhaldi af þessu fóru fram úttektir á verkinu 26. febrúar, 4. mars, 15. mars og 15. apríl 1988. Af gögnum um þetta verður ekki ráðið, að verkkaupi hafi tekið formlega við verkinu við úttekt. Gagnáfrýjandi viðurkennir hins vegar í málalíbúnaði sínum, að iðnaðarmenn á vegum hans hafi tekið til starfa við framhald verksins 28. mars 1988, og telur hann verktaka hafa þá afhent það, en um framkvæmdir utan húss, sem aðilarnir létu bíða, er ekki deilt.

Af gögnum málsins verður ráðið, að um miðjan febrúar 1988

hafði verkkaupi greitt verktaka samtals 19.953.700 krónur, en til viðbótar lágu þá fyrir ógreiddir reikningar frá verktaka, samþykktir af verkeftirlitsmanni, fyrir samtals 484.103 krónum. Samkvæmt minnisblaði verkeftirlitsmanns héldu fulltrúar verkkaupa og verktaka fund 19. febrúar 1988, þar sem farið var yfir kröfur verktaka og talið, að þær gætu numið rúmlega 400.000 krónum með leiðréttingum. Hafi verktaka verið boðið að láta þessar kröfur koma á móti kröfum verkkaupa um bætur vegna galla á verkinu og aukins kostnaðar af verkeftirliti, en dagsektir féllu þá niður. Í fundargerð um úttekt á verkinu 15. mars 1988 er greint frá því, að verktaka hafi þar verið tjáð, að með því að svar hafi ekki borist frá honum við þessu boði, líti verkkaupi svo á, að uppgjör á verkinu yrði að fara eftir ákvæðum verksamnings.

Samkvæmt tilkynningu til firmaskrár 8. janúar 1988 var félaginu Sveinn og Þórhallur sf. slitið í lok árs 1987 og við rekstri þess tekið af aðaláfrýjanda. Sætir aðild hans að málinu ekki athugasemdum af hálfu gagnáfrýjanda.

II.

Kröfur gagnáfrýjanda eru allar byggðar á því, að vanefndir, sem verktaki eigi einn sök á, hafi orðið á verksamningi aðilanna. Eru gagnkröfurnar því runnar af sömu rót og reikningskröfur aðaláfrýjanda. Af þessum sökum stóðar aðaláfrýjanda ekki að bera fyrir sig fyrningu á kröfum gagnáfrýjanda að því leyti, sem þær eru hafðar uppi til skuldajafnaðar, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda.

III.

Gagnáfrýjandi krefur aðaláfrýjanda um dagsektir, að fjárhæð 1.006.236 krónur, og vísar þar til ákvæða verksamnings, þar á meðal um verðtryggingu dagsekta. Gagnáfrýjandi finnur þessa fjárhæð þannig, að fullar dagsektir falli á frá umsömdum skiladegi verksins, svo sem honum var breytt með samkomulagi aðilanna um hálfmánaðar framlengingu verktíma, til þess tíma, þegar gagnáfrýjandi tók hluta hússins í notkun. Upp frá því telur hann hæfilegt, að dagsektir nemi 80% umsaminnar fjárhæðar, þar til hann tók við verkinu 28. mars 1988.

Samkvæmt verkfundargerðum áskildi gagnáfrýjandi sér rétt til dagsekta á fundi 9. september 1987, þegar sýnt var, að verkinu yrði ekki lokið innan umsamins tíma, og var sá áskilnaður oft ítrekaður eftir það. Í fundargerð frá úttekt 15. mars 1988 kemur fram, að gagnáfrýjandi hafi krafist þar uppgjörs á verkinu í samræmi við ákvæði verksamnings. Verður að fallast á það með gagnáfrýjanda, að í þeirri kröfu felist meðal annars ítrekun hans við verklok á rétti til að krefja aðaláfrýjanda um dagsektir.

Ekki verður fallist á mótmæli aðaláfrýjanda gegn því, að byggt verði á umræddum fundargerðum, enda er óumdeilt, að þær hafi borist honum í kjölfar verkfunda og hann hafi engum athugasemdum hreyft um efni þeirra. Breytir þá engu, að fundargerðirnar hafi ekki verið skráðar á fundarstað eða gengið eftir því við aðaláfrýjanda, að þær yrðu undirritaðar. Verður því að telja fundargerðirnar nægja til sönnunar um, að gagnáfrýjandi hafi á fyrrgreindan hátt gætt svo að samningsbundnum rétti sínum til dagsekta, að hann hafi ekki fallið niður fyrir tómlæti.

Aðaláfrýjandi ber ekki brögður á, að samkomulag hafi verið um, að verkinu skyldi lokið 15. september 1987 og að sá dráttur hafi orðið á verklokum, sem gagnáfrýjandi heldur fram. Á gagnáfrýjandi því rétt til dagsekta úr hendi hans.

Af verkfundargerðum verður ekki annað ráðið en að dráttur á verklokum hafi að verulegu leyti stafað af vanrækslu verktakans. Við ákvörðun dagsekta verður hins vegar að líta til þess, að 27. nóvember 1987 tók gagnáfrýjandi hluta af húsinu í notkun, eftir að iðnaðarmenn á vegum hans höfðu starfað þar um nokkurra vikna skeið samhliða verktakanum. Samkvæmt útreikningi eftirlitsmanns gagnáfrýjanda voru þá tekin til tímabundinna nota 42% af húsinu. Gagnáfrýjandi gerði fyrst kröfu um ákveðnar dagsektir við höfðun gagnsakar í héraði rúmum fjórum árum eftir, að hann tók að eigin sögn við verkinu. Var þó löngu fyrir orðin brýn ástæða til, að hann kynnti gagnaðilanum skýra afstöðu í þessum efnunum, þar á meðal um, hvaða áhrif hann teldi það hafa á rétt hans til dagsekta, að hann hafi fyrir verklok tekið hluta hússins í notkun.

Þegar alls þess er gætt, sem að framan greinir, þykir hæfilegt, að dagsektir handa gagnáfrýjanda úr hendi aðaláfrýjanda verði ákveðnar 450.000 krónur.

IV.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður staðfest sú niðurstaða að hafna kröfum gagnáfrýjanda um bætur vegna kostnaðar af viðgerð á lausri flögn í stiga, hraunun útveggja, galla á vatnsbretti og málun útveggja við aðalinngang.

Í hinum áfrýjaða dómi var að hluta tekin til greina krafa gagnáfrýjanda um bætur vegna kostnaðar af viðgerð á límtrésbitum, 153.538 krónur, og að fullu krafa vegna útlitsgalla á gluggum, 113.303 krónur. Um þessa kröfufliði hefur gagnáfrýjandi hvorki aflað matsgerðar né lagt fram önnur viðhlítandi gögn. Verður aðaláfrýjanda því ekki gert að greiða gagnáfrýjanda bætur af þessum sökum.

V.

Samkvæmt framangreindu verður gagnáfrýjanda gert að greiða aðaláfrýjanda mismun á kröfu hins síðarnefnda í aðalsök í héraði, 1.008.832 krónum, og gagnkröfu á hendur honum vegna dagsekta, að fjárhæð 450.000 krónur, alls 558.832 krónur, með vöxtum eins og í dómsorði greinir. Verður gagnáfrýjandi einnig dæmdur til að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem segir í dómsorði.

Það athugast, að málið var munnlega flutt fyrir héraðsdómi 17. mars 1993, en 23. júní sama ár var málið tekið fyrir að nýju og þeirrar ástæðu getið fyrir því í bókun, að dómendur hefðu talið nauðsynlegt að fara á vettvang. Þar var síðan bókað, að farið hefði fram munnlegur málflutningur, þar sem lögmenn aðila hefðu vísað um öll atriði til fyrri málflutnings. Var málið að því búnu dómtekið að nýju, og var hinn áfrýjaði dómur kveðinn upp 21. júlí 1993. Gat munnlegur málflutningur ekki komið að fullum notum, svo sem hér var að verki staðið. Að auki átti héraðsdómara að vera ljóst, hvort vettvangsgöngu yrði þörf í tæka tíð, til að hún færi fram við aðalmeðferð máls. Verður að finna að þessum annmörkum á málsmeðferð í héraði.

D ó m s o r ð:

Gagnáfrýjandi, Póst- og símamálastofnun, greiði aðaláfrýjanda, P. Guðjónssyni hf., 558.832 krónur með ársvöxtum, sem

nema 54,4% frá 17. ágúst 1988 til 1. september sama ár, 49,2% frá þeim degi til 1. október sama ár, 33,6% frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, 27,6% frá þeim degi til 1. desember sama ár, 24% frá þeim degi til 1. janúar 1989, 21,6% frá þeim degi til 1. mars sama ár, 24% frá þeim degi til 1. apríl sama ár, 33,6% frá þeim degi til 1. maí sama ár, 38,4% frá þeim degi til 1. júní sama ár, 42% frá þeim degi til 1. júlí sama ár, 45,6% frá þeim degi til 1. september sama ár, 40,8% frá þeim degi til 1. október sama ár, 38,4% frá þeim degi til 1. desember sama ár, 40,8% frá þeim degi til 1. febrúar 1990, 37,2% frá þeim degi til 1. mars sama ár, 30% frá þeim degi til 1. apríl sama ár, 26% frá þeim degi til 1. maí sama ár, 23% frá þeim degi til 1. október sama ár, 21% frá þeim degi til 1. mars 1991, 23% frá þeim degi til 1. júlí sama ár, 27% frá þeim degi til 1. september sama ár og 30% frá þeim degi til 17. október 1991, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda samtals 450.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 21. júlí 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. júní, er höfðað með stefnu í aðalsök, sem þingfest var á bæjarþingi Reykjavíkur 17. október 1991. Gagnsök er höfðuð með gagnstefnu, þingfestri á bæjarþingi Reykjavíkur 23. júní 1992. Aðalstefnandi og gagnstefndi er Þ. Guðjónsson hf., kt. 510188-1369, Grófinni 5, Keflavík. Aðalstefndi og gagnstefnandi er Póst- og símamálastofnun, kt. 500269-6779, Landssímahúsinu við Austurvöll, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda í aðalsök eru, að stefnda, Póst- og símamálastofnun, verði gert að greiða skuld, að fjárhæð 1.008.832 kr., með [nánar tilgreindum vöxtum].

Í aðalsök eru dómkröfur stefnda, Póst- og símamálastofnunar, þær, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og stefnandi dæmdur til að greiða sér málskostnað [...].

Í gagnsök gerir gagnstefnandi, Póst- og símamálastofnun, þær dómkröfur til skuldajafnaðar og/eða sjálfstæðs dóms, að gagnstefndi, Þ. Guðjónsson

hf., verði dæmdur til að greiða sér 1.312.941 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum].

Í gagnsök gerir stefndi, P. Guðjónsson hf., þær dómkröfur aðallega, að félagið verði sýknað af öllum kröfum gagnstefnanda, Póst- og símamála-stofnunar, en til vara, að kröfur stofnunarinnar verði lækkaðar verulega. Þess er einnig krafist, að Póst- og símamálastofnun greiði P. Guðjónssyni hf. málskostnað [...].

I.

Aðalsök.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo, að á árunum 1987 og 1988 hafi hann unnið ýmis aukaverk sem verktaki við nýbyggingu Pósts og síma við Reykjanesbraut í Keflavík. Stefndi, sem hafi verið verkkaupi í viðskiptum við stefnanda, hafi enn eigi greitt fyrir aukaverk þessi. Nánari lýsingu á því, í hverju verkin voru fólgin og hvenær þau voru unnin, megi sjá á fylgiskjölum með fram lögðum reikningum fyrir vinnuna. Árið 1989 hafi stefnda verið sent bréf, dagsett 26. maí 1989, þar sem stefnandi krefst greiðslu á þessum ógreiddu reikningum. Hafi því verið svarað með bréfi, dagsettu 13. september 1989, af Þorgeiri K. Þorgeirssyni, þar sem hann hafi samþykkt þessa reikninga. Hann hafi hins vegar tekið fram, að af hálfu Póst- og símamálastofnunar yrðu lagðar fram kröfur á hendur stefnanda vegna ýmissa vanefnda hans.

Stefnandi kveðst reisa kröfur sínar á því, að hann hafi unnið umbeðin verk í þágu stefnda, enda hafi því ekki verið mótmælt, að verkin hafi verið innt af hendi. Endurgjald það, sem stefnandi hafi sett upp fyrir vinnu sína, hafi ekki heldur sætt andmælum, en stefndi hafi ekki greitt fyrir þau enn. Hér sé því um að ræða augljósar vanefndir af hálfu stefnda, sem beri skylda til að greiða þessa reikninga.

Stefnandi kveðst vísa til almennra reglna kröfuréttar máli sínu til stuðnings og einnig ákvæða 5. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup. Vaxtakrafa sé studd III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987. Málskostnaðarkrafa sé gerð með stoð í 1. mgr. 177. gr. einkamálalaga, sbr. 175. gr. sömu laga.

Stefndi í aðalsök kveður aðila málsins hafa gert með sér verksamning í ágúst 1986, þar sem stefnandi hafi tekið að sér að reisa símsstöðvarbyggingu fyrir Keflavík og Njarðvík, svokallað Útbóðsverk I, sem hafi aðallega verið fólgið í því að steypa upp húsið, setja þak á það, ganga frá þakköntum, rennum og niðurföllum, einangra þak neðri hæðar, glerja, fullmála að utan og jafna og fylla jarðveg að húsinu. Stefnandi hafi aldrei lokið verkinu á fullnægjandi hátt, og ekki hafi náðst samkomulag um endanlegt uppgjör, eftir að hann hafi horfið frá verkinu, einkum vegna þess að hann hafi ekki

sótt þá uppgjörsfundi, sem boðaðir hafi verið. Greiðslu- og verkstaða sé rakin í fram lögðum gögnum. Eins og þar komi fram, hafi stefndi lýst gagnkröfum vegna tafa og galla á verkinu, sem nemi ekki lægri kröfu en stefnufjárhæð. Sé sýknukrafa stefnda rökstudd með því, að hann skuldi stefnanda ekkert, þegar uppgjör verksins hefur farið fram og kröfur aðila hafa mæst.

Eftirlitsaðili stefnda, Verkfræðistofa Suðurnesja hf., hafi fjallað um reikninga þá, sem krafðir séu í þessu máli, og samþykkt reikninga að fjárhæð 1.001.278 kr. Grein sé gerð fyrir þeirri lækkun í gögnum málsins.

II.

Gagnsök.

Gagnstefnandi telur gagnkröfur vera af sömu rót og kröfur í aðalsök, og hafi gagnsakarmál verið höfðað, til þess að rekja megi aðalsök og gagnsök í einu máli. Sé krafist skuldajafnaðar og/eða sjálfstæðs dóms, þar sem hann eigi hærri gagnkröfu á gagnstefnda en stefnufjárhæð nemi í aðalsök.

Gagnstefnandi kveðst styðjast við verksamning aðila og meðal annars útbóðs- og verklýsingu auk fundargerða eftirlitsaðila og kveður grundvöll kröfugerðar sinnar hvíla á ákvæðum samnings aðila, þar sem bygging sú, sem gagnstefndi hafi reist fyrir gagnstefnanda, hafi í einstökum atriðum ekki verið skilað í umsömdu ástandi og frágangur í þeim tilvikum verið ófagmannlegur af hendi gagnstefnda. Þá sé jafnframt vísað til þeirra ákvæða útbóðsskilmála 0.15.–0.16., sem fjalli um tafabætur, enda hafi verk-ið dregist verulega á langinn og drátturinn valdið gagnstefnanda verulegu tjóni.

Sundurliðun á dómkröfu sé á þessa leið:

Tafabætur	kr.	1.006.236
Viðgerð á límrésbitum	–	153.538
Viðgerð á lausri stigaiðögn	–	21.120
Hraunun útveggja og galli í vatnsbretti	–	13.860
Málun útveggja við aðalinngang	–	4.884
Útlitsgallaðir gluggar	–	113.303
Samtals stefnufjárhæð málsins	kr.	<u>1.312.941</u>

Gagnstefnandi kveðst vísa til meginreglna kröfuréttar um verksamninga og fjárskuldbindingar. Um heimild til skuldajafnaðar og gagnstefnu til sjálfstæðs dóms sé vísað til 49. gr. einkamálalaga nr. 85/1936, enda séu sakirnar milli sömu aðila og einnig runnar af sömu rót, þ. e. verksamningi þeirra. Þá

sé vísað til 14. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 um tilgreiningu vaxtafótar gagnkröfunnar, enda hafi hin umrædda krafa fallið í gjalddaga fyrir gildistöku breytingar vaxtalaga 14. júní 1989, sbr. 5. gr. laga nr. 67/1989.

Gagnstefnandi lýsir sundurliðun kröfu sinnar nánar þannig:

1. Tafabætur.

Aðilar séu sammála um, að lögmætar tafir á verkinu séu tvær vikur, sbr. verkfund 20. ágúst 1987. Framlengist því skilafrestur á verkinu fram til 15. september 1987. Vegna dráttar á verklokum, sem hafi allsendis verið á ábyrgð verktaka, gagnstefnda, hafi fyrst verið unnt að afhenda hluta húsnæðisins til bráðabirgða 25. nóvember 1987, en að fullu 28. mars 1988. Reyndar hafi ýmsu verið ólokið þann dag, en þar sem iðnaðarmenn verka hafi getað byrjað störf þá, sé ekki tilefni til að telja dráttinn lengri.

1.1. Tímabilið frá 15. september 1987 til 25. nóvember 1987 teljist vera 71 dagur á 5.000 kr. skv. lið 0.16. í útboðslýsingu, sbr. ákvæði ÍST 30 24. 6., alls 355.000 kr.

1.2. Tímabilið frá 25. nóvember 1987 til 28. mars 1988 (123 dagar) hafi verktaki enn unnið að ýmsum verkþáttum verksamningsins. Óloknum verkum sé m. a. lýst á fram lögðum minnislistum frá verkfundum. Byggingin hafi einungis nýst gagnstefnanda á þessu tímabili undir bögglaafgreiðslu. Af heildarflatarmáli hússins (837 m²) nemi það pláss 60 m² eða um 7%. Því sé talið hæfilegt að krefjast 80% tafabóta fyrir tímabilið, þ. e. a. s. 4.000 kr. á dag, alls 492.000 kr.

1.3. Með vísan til ákvæða 0.14. í útboðsskilmálum, sbr. 0.16., skuli fjárhæðin í liðum 1.1. og 1.2., sem sé samtals 847.000 kr., verðbætt með 18,8%, sem geri 159.236 kr. Kröfur samkvæmt lið 1 nemi því alls 1.006.236 krónum.

2. Slípun límtrésbita.

Límtrésbitar, er fara hafi átt í þak byggingarinnar, hafi skemmst vegna raka og veðrunar, sem hafi komist að þeim, eftir að þeir voru komnir á byggingarstað, á tímabilinu frá 26. mars 1987 til 29. júlí 1987. Hafi vangæslu verktaka verið um að kenna, þar sem þeir hafi legið að hluta til án yfirbreiðslu, sbr. aðfinnslu verkkaupa á verkfundi nr. 10 14. apríl 1987. Fram lagðar ljósmyndir, sem teknar séu, eftir að slípun hófst, sýni rakaskemmdir í límtrésbitunum. Verkkaupi hafi annast viðgerðir í maí 1988 og útlagður kostnaður hans verið þessi:

2.1. Vinna og kostnaður við slípun límtrésbita og við lagfæringu.

132 klukkustundir á 780 kr.	kr.	102.960
28 klukkustundir á 1.165 kr.	–	32.620

Slípivél í 10 daga á 400 kr.	–	4.000
	Samtals	kr. 139.580
Umsjón og eftirlit 10%		kr. 13.958
	Samtals bætur	kr. 153.538

3. Ýmis smærri verk, sem ekki var gengið frá.

Útlagður kostnaður gagnstefnanda vegna ófagmannlegs frágangs gagnstefnda á verkhlutanum:

3.1. Viðgerð á lausri stigaflögn.

Vinna í 20 klukkustundir á 860 kr.	kr.	17.200
Efni	–	2.000
Umsjón og eftirlit 10%	–	1.920
	Samtals bætur	kr. 21.120

3.2. Hraunun útveggja við aðalinngang og viðgerð á lausri flögn á vatnsbrettum.

Vinna 10 klukkustundir á 860 kr.	kr.	8.600
Vélar	–	2.000
Efniskostnaður	–	2.000
Umsjón og eftirlit 10%	–	1.260
	Samtals bætur	kr. 13.860

3.3. Málun útveggja við aðalinngang, sem ófrágengið var frá hendi gagnstefnda.

Vinna 4 klukkustundir á 860 kr.	kr.	3.440
Efniskostnaður	–	1.000
Umsjón og eftirlit 10%	–	444
	Samtals bætur	kr. 4.884

4. Útlitsgallaðir gluggar.

Eins og fram komi í fundargerð nr. 14 og nr. 20, hafi þrír gluggar skekkst í útveggjum framhliðar, er útveggurinn var steypdur. Gluggarnir hafi ekki verið festir nægilega vel í steypumótin, og áskildi gagnstefnandi sér þann aukakostnað, sem af gallanum myndi leiða. Þar sem kostnaðarsamt yrði

fyrir verktaka (gagnstefnda) að lagfæra gallana með niðurbroti og endurbyggingu útveggjarins og glugganna auk þeirrar seinkunar, sem af myndi hljóttast, hafi verið ákveðið að reyna lagfæringu án niðurbrots. Fjárhæð kröfu sé rökstudd með þeim hætti, að samkvæmt útboðinu hafi greiðsluliðir þeirra numið 79.436 krónum. Vegna útlitsgalla og kostnaðar við lagfæringu glugganna þriggja sé rétt að meta bæturnar annars vegar með 30% af verði ógallaðs verkliðar, þ. e. a. s. með 23.831 krónu, en auk þess með þeim útlagða kostnaði, sem gagnstefnandi hafi varið til að leitast við að fela gallana. Sé þá átt við kostnað við lagfæringu innan húss, svo sem við að rétta af sólbekki. Sá útlagði kostnaður hafi samkvæmt uppmælingu og vinnuskýrslum numið eftirfarandi fjárhæðum:

Uppmæling 10.621 textamín. á 6.735 kr.	kr.	71.532
Tímavinna 23 klukkustundir á 780 kr.	–	17.940
	Samtals útlagt	kr. 89.472
30% greiðsluliðar þriggja glugga	kr.	23.831
	Bótafjárhæð	kr. 113.303

Stefnufjárhæð gagnsakar nemur því alls 1.312.941 krónu.

Gagnstefnandi kveðst styðja sýknukröfu sína í gagnsök þessum rökum:

I. Tafabætur.

Gagnstefndi telur gagnstefnanda ekki eiga rétt á greiðslu tafabóta af eftirtöldum ástæðum:

1. Gagnstefnandi krefji gagnstefnda ekki um greiðslu tafabóta fyrr en við þingfestingu gagnstefnu 23. júní 1992. Hafi þá verið liðin tæp fimm ár, frá því að gagnstefndi hafi átt að skila verkinu samkvæmt upphaflegum verk-samningi, og fjögur ár og þrjú mánuðir frá 28. mars 1988, þegar gagnstefnandi telji hann hafa skilað því. Allar hugsanlegar kröfur gagnstefnanda séu því fyrndar eða niður fallnar sökum tómlætis hans.

2. Gagnstefnandi hafi fallist á, að lögmætar tafir hafi orðið á verkinu, og væri gagnstefndi því ekki skuldbundinn til að ljúka því 31. ágúst 1987, eins og skylt hafi verið samkvæmt upphaflegum verksamningi, heldur löngu síðar. Sem dæmi megi benda á yfirlýsingu eftirlitsmanns gagnstefnanda frá 15. janúar 1988, þar sem gagnstefnda sé veittur frestur til 15. febrúar sama ár til þess að ljúka verkinu án dagssekta. Þó hafi múrviðgerðir og fleira mátt bíða til vors. Verði að telja gagnstefnanda bundinn af þessari yfirlýsingu sinni.

3. Húsið hafi verið tekið í notkun að hluta 25. nóvember 1987. Tveimur vikum eftir þann dag hafi tafabætur fallið niður samkvæmt grein 28.8. í ÍST 30, sem sé hluti verksamnings aðila.

4. Allar svonefndar verkfundargerðir séu einungis undirritaðar af eftirlitsmanni gagnstefnanda. Þær séu því ekki lögmæt sönnun þess, sem fram hafi farið á þessum fundum, enda hafi gagnstefndi mótmælt efni þeirra í aðalskýrslu sinni.

5. Í greinargerð gagnstefnanda komi fram, að iðnaðarmenn á vegum gagnstefnanda hafi getað hafið vinnu 28. mars 1988, og telji gagnstefnandi, að verkinu hafi verið skilað þann dag. Teljist krafa gagnstefnanda um tafabætur eiga lagalegan rétt á sér, beri einungis að reikna þær frá 15. febrúar til 28. mars 1988, í 41 dag á 4.000 kr. á dag, samtals 164.000 kr.

6. 18,8% verðbótakröfu gagnstefnanda á tafabætur sé mótmælt sem örökstuddri.

II. Slípun límtrésbita.

Samkvæmt upplýsingum í greinargerð gagnstefnanda hafi vinna þessi verið innt af hendi í maí 1988, og hafi krafan þá fallið í gjalddaga, sbr. vaxtakröfu gagnstefnanda frá 1. maí 1988. Þessi krafa sé því augsnílega fyrnd samkvæmt 1. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfurettinda, sé gagnstefndi ekki krafinn um greiðslu fyrr en með þingfestingu gagnstefnu 23. júní 1992.

Einnig sé þessi krafa niður fallin sakir tómlætis gagnstefnanda, því að skv. ÍST 30, grein 28.8., skuli gallakröfur koma fram innan tveggja vikna, frá því að verk sé tekið í notkun.

Þá sé kröfu þessari mótmælt, enda ósannað, að gagnstefnandi beri ábyrgð á þessum kostnaði að nokkru leyti og alls ekki heildarkostnaði við að vinna alla límtrésbitana undir lakk.

III. Útlitsgallaðir gluggar.

Vísað sé til þess, sem segi í II. lið um fyrningu og tómlæti.

Þessum kröfulið sé einnig mótmælt sem ósönnuðum, þar sem gagnstefnandi hafi ekki sýnt fram á ágalla á verki gagnstefnda, til dæmis með matsgerð.

IV. Ýmis smærri verk.

Vísað sé til þess, sem að framan greini um fyrningu og tómlæti.

Að auki hafi gagnstefnandi ekki sannað, að gagnstefndi eigi að greiða þessa vinnu, og heldur gagnstefndi því fram, að þetta hafi verið aukaverk.

V. Vakin sé athygli á því, að gagnstefnandi hafi ólöglega haldið greiðslu um til gagnstefnda fyrir samþykkt aukaverk, samanber ÍST 30, gr. 30.7.

III.

Í aðalsök er dómkrafa stefnanda, Þ. Guðjónssonar hf., 1.008.832 kr. samkvæmt fram lögðum reikningum. Stefndi hefur samþykkt 1.001.278 kr.

Kveður stefndi muninn vera m. a. vegna vinnu við stillingu loftræstikerfis, sem ekki hafi verið unnt að framkvæma vegna annarra verkþátta. Stefndi þykir ekki gegn mótmælum stefnanda hafa sannað þá fullyrðingu sína, að lækka eigi dómkröfu stefnanda, og er hún því tekin til greina að fullu.

Í gagnsök er dómkrafa stefnanda, Póst- og símamálastofnunar, gerð til skuldajafnaðar við dómkröfu aðalsakar og sjálfstæðs dóms og er í sex liðum. Verður nú fjallað um hvern lið fyrir sig.

1. Tafabætur.

Gagnstefnandi gerir kröfu um tafabætur frá 15. september 1987 til 28. mars 1988. Er upphafsdagur miðaður við það, að skilafrestur var framlengdur til 15. september 1987, en samkvæmt verksamningi átti verki að ljúka 31. ágúst 1987. Lokadagur er miðaður við þann dag, sem nýr verktaki hóf störf í húsinu. Hluta þessa tímabils, 25. nóvember 1987 til 28. mars 1988, er krafist 80% tafabóta, þar sem um 7% hússins hefðu þá verið tekin í notkun af gagnstefnanda. Ekki er fallist á það með gagnstefnda, að húsið teljist hafa verið tekið í notkun í heild 25. nóvember 1987, þar sem aðeins var um lítinn hluta þess að ræða.

Þá er ekki fallist á það með gagnstefnda, að honum hafi verið veittur skilyrðislaus frestur á verklokum til 15. febrúar 1988. Samkvæmt bókun verkfundar 15. janúar 1988 var fallist á, að tafabætur yrðu látnar falla niður með þeim skilyrðum, að verkinu yrði lokið í síðasta lagi 15. febrúar 1988 og að viðunandi samningar næðust um greiðslur fyrir fram komnar kröfur og önnur hugsanleg ágreiningsmál. Ljóst er, að þessum skilyrðum var ekki fullnægt. Enn fremur er ekki fallist á þá fullyrðingu gagnstefnda, að ekki verði treyst verkfundargerðum sem sönnunargagni um framgang verks, enda viðurkennt, að honum voru kynntar þær.

Gagnstefnandi krefst tafabóta til 28. mars 1988, þar sem gagnstefnandi hafi ekki lokið verkinu að fullu fyrir þann dag, en þá tók gagnstefnandi við verkinu með því að halda áfram framkvæmdum með öðrum verktaka. Þykir rétt að miða upphafstíma fyrningarfrests við 28. mars 1988. Í greinargerð sinni í aðalsök, sem lögð er fram í dómi 26. mars 1992 ásamt skjölum, er lýsa tölulega gagnkröfu til skuldajafnaðar við aðalkröfu, þykir fyrningarfresti hafa verið slitið skv. 11. gr., sbr. 1. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905.

Í verkfundargerðum og öðrum skjölum málsins kemur fram, að tafabætur voru til umræðu á verk tíma, og í skriflegri aðilaskýrslu gagnstefnda kemur einnig fram, að honum hafi verið ljóst, að gagnstefnandi hygðist krefjast tafabóta samkvæmt ákvæðum verksamnings. Af þessum sökum verður ekki fallist á þá málsástæðu gagnstefnda, að um tómlæti hafi verið að ræða af hálfu gagnstefnanda.

Í verksamningi eru ákvæði um, að verðbæta skuli tafabætur, og er fallist á útreikning gagnstefnanda, hvað þær varðar.

Þegar staða verksins í febrúar 1988 er skoðuð út frá gögnum málsins, þykir sanngarnt að ákveða tafabætur ásamt verðbótum nokkru lægri en gagnstefnandi krefst, og verða þær teknar til greina með 800.000 kr.

2. Verð á límtrésbitum.

Ljóst er, að gagnstefndi bar ábyrgð á vörslu límtrésbita á byggingarstað og að þeirri vörslu var ábótavant. Urðu nokkrar skemmdir á bitunum af þeim sökum. Bar gagnstefndi ábyrgð á þeim. Dómurinn telur þó, að þær kröfur, sem gerðar eru í þessu verki til áferðar límtrésbitanna undir lökkun, séu það strangar, að nauðsynlegt hefði verið undir öllum kringumstæðum að slípa bitana, þó að ekki hefði komið til skemmda á byggingarstað. Þykir því rétt að taka kröfu gagnstefnanda til greina að hálfu leyti með 76.769 kr. Samkvæmt gögnum málsins bar gagnstefnandi fram kvörtun vegna skemmda þessara, strax og tilefni varð til vegna áframhaldandi vinnu við bitana. Er því ekki fallist á það með gagnstefnda, að gagnstefnandi hafi sýnt tómlæti, hvað þessa kröfu varðar. Krafan telst sett fram með kröfu um skuldajöfnuð í greinargerð aðalstefnda ásamt fylgiskjölum 26. mars 1992 og er því ekki fyrnd skv. 11. gr., sbr. 1. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905.

3. Viðgerð á lausri stigafloð.

EKKI hefur komið fram, að kvartað hafi verið við gagnstefnda vegna þessa galla, og verður hann því ekki krafinn um greiðslu vegna hans.

4. Hraunun útveggja og galli í vatnsbretti.

Kröfuliður þessi er óljós og ekki studdur neinum gögnum og verður gegn mótmælum gagnstefnda ekki tekinn til greina.

5. Málun útveggja við aðalinngang.

Kröfuliður þessi er óljós og ekki studdur neinum gögnum og verður gegn mótmælum gagnstefnda ekki tekinn til greina.

6. Útlitsgallaðir gluggar.

Upplýst er, að gluggar á 1. hæð skekkust í mótum, þegar útveggir voru steyptir, og er hér um verulegan galla að ræða. Fram er komið í málinu, að haldnir voru fundir á verktíma, þar sem rætt var um mögulegar úrbætur og gagnstefnda gert ljóst, að gagnstefnandi hygðist krefja hann um bætur vegna þessa galla. Þykir því ekki hafa verið um tómlæti af hálfu gagnstefnanda að ræða. Krafa gagnstefnanda, hvað þennan lið varðar, er hófleg, og er fallist á hana með 113.303 krónum.

Kröfur gagnstefnanda eru samkvæmt ofansögðu teknar til greina með 990.072 krónum.

Endanlegum vaxtakröfum hefur ekki verið mótmælt, og dæmast vextir í samræmi við dómkröfur, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Fallist er á skuldajöfnuð dómkrafna í aðalsök og gagnsök.

Með vísan til þessarar niðurstöðu þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Dóm þennan kvað upp Hjördís Hákonardóttir héraðsdómari ásamt meðdómsmönnum Magnúsi Guðjónssyni húsasmíðameistara og Sæbirni Kristjánssyni byggingatæknifræðingi.

D ó m s o r ð:

Aðalstefndi, Póst- og símamálastofnun, greiði aðalstefnanda, Þ. Guðjónssyni hf., 1.008.832 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum].

Gagnstefndi, Þ. Guðjónsson hf., greiði gagnstefnanda, Póst- og símamálastofnun, 990.000 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum].

Fallist er á skuldajöfnuð krafna í máli þessu.

Málkostnaður í aðalsök og gagnsök fellur niður.
